



Almennir skilmálar Landsbankans um verðbréfavíðskipti

Nr. 1217-04 | Maí 2011

1. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um víðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu Landsbankans hf. Aðrir samningar um hvers konar víðskipti, svo sem vörslusamningar, eignastýringarsamningar eða samningar og skilmálar Landsbankans um markaðsvíðskipti, gilda samhliða skilmálum þessum.

Um hugtök og orðanotkun skv. skilmálum þessum skal vísað til laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Að auki gilda um skilmála þessa íslensk lög og reglugerðir og reglur markaða eftir því sem víð á.

Ef ósamræmi er milli laga og reglugerða, markaðsreglna, einstakra samninga um sérgreind víðskipti, skilmála um sérgreind víðskipti og skilmála þessara skal þeim beitt í eftirfarandi röð:

1. lög,
2. reglugerðir,
3. markaðsreglur,
4. einstaka samningar um sérgreind víðskipti,
5. skilmálar um sérgreind víðskipti,
6. skilmálar þessir.

2. Flokkun víðskiptavina

Áður en víðskiptavinur getur átt víðskipti með fjármálagerninga fyrir milligöngu Landsbankans á grundvelli þessara skilmála ber að flokka víðskiptavin sem almennan fjárfesti, fagfjárfesti eða víðurkenndan gagnaðila í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Landsbankinn mun tilkynna nýjum víðskiptavinum sínum um flokkun þeirra, um rétt þeirra til að fara fram á aðra flokkun og um allar takmarkanir á umfangi verndar víðskiptavinar. Þeir sem falla ekki undir flokk almennra fjárfesta munu þurfa að samþykkja sína flokkun sérstaklega.

3. Upplýsingaskylda víðskiptavinar

Veiti Landsbankinn víðskiptavinum þjónustu í formi eignastýringar eða fjárfestingarráðgjafar er bankanum skylt að afla þeirra upplýsinga frá víðskiptavinum eða hugsanlegum víðskiptavinum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að leggja mat á fjárhagsstöðu, þekkingu, reynslu og fjárfestingarmarkmið víðskiptavinar.

Meðal þeirra upplýsinga sem afla skal varðandi fjárhagsstöðu víðskiptavinar eru (i) tekjur, (ii) eignir, þ.m.t. seljanlegar eignir, fjárfestingar og fasteignir, og (iii) fjárhagsskuldbindingar. Landsbankanum er heimilt að krefja lögaðila um endurskoðaðan ársreikning og öll árshlutauppgjör sem kunna að verða unnin með könnunaráritun endurskoðanda.

Upplýsingar um fjárfestingarmarkmið skulu m.a. fela í sér áhættustefnu víðskiptavinar, tilgang með fjárfestingu og tímalengd fjárfestingar eftir því sem víð á.

Við veitingu annarrar þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta mun Landsbankinn óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu víðskiptavinar á sviði viðkomandi tegundar verðbréfavíðskipta til að geta metið hvort þjónustan eða varan sé víðeigandi. Landsbankanum er þó óskylt að meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé víðeigandi fyrir víðskiptavinum ef um einfalda fjármálagerninga er að ræða og þjónustan eða víðskiptin fela eingöngu í sér framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla ásamt því að þjónustan sé veitt að frumkvæði víðskiptavina.

Víðskiptavinur skuldbindur sig til að senda eftirfarandi gögn til Landsbankans við upphaf víðskiptasambands og uppfæra á meðan víðskiptasamband er í gildi milli aðila ef breytingar verða:

Lögaðilar

Viðskiptavinur skal afhenda Landsbankanum umboð þess aðila sem hefur heimild til að skuldbinda viðskiptavininn ef ekki er unnt að fá upplýsingar um heimildir í lögum eða í opinberum gögnum. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna án tafar um breytingar á framkvæmdastjórn og/eða prókúruhöfum hjá lögaðilanum. Hið sama gildir ef breytingar eru gerðar á útgefnu umboði sem hefur verið afhent bankanum. Prókúruhafi skal sanna á sér deili og framvísa persónuskilríkjum sem viðurkennd eru að lögum sem fullgild persónuskilríki, þ.e. ökuskríteini, vegabréf, eða staðfesting frá þjóðskrá, og sýna nafn, mynd, kennitölu og lögheimili. Landsbankinn mun varðveita staðfest afrit af persónuskilríkjum.

Einstaklingar

Viðskiptavinur skal sanna á sér deili og framvísa persónuskilríkjum sem viðurkennd eru að lögum sem fullgild persónuskilríki, þ.e. ökuskríteini, vegabréf, eða staðfesting frá þjóðskrá, og sýni nafn, mynd, kennitölu og lögheimili. Landsbankinn mun varðveita staðfest afrit af persónuskilríkjum.

Einnig skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að afhenda Landsbankanum allar þær upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir í eðlilegum og réttmætum tilgangi. Skortur á upplýsingum getur leitt til þess að Landsbankinn geti ekki veitt þá þjónustu sem óskað er eftir.

Ákvæði þetta á að takmörkuðu leyti við um fagjáfresta og viðurkennda gagnaðila.

4. Beiðni um verðbréfavíðskipti

Viðskiptavinur skal senda Landsbankanum viðskiptafyrirmæli með bréfpósti, símbréfi, símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í Einkabanka Landsbankans, að því tilskildu að hann sé skráður notandi og hafi undirritað skilmála um Einkabankann, eða sérhverjum öðrum hætti sem aðilar koma sér saman um. Viðskiptafyrirmæli eða önnur fyrirmæli viðskiptavinar til starfsfólks Landsbankans sem berast með framangreindum hætti eru á ábyrgð viðskiptavinar. Ef viðskiptafyrirmæli eru gefin munnlega, s.s. í síma, hefur viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að viðskiptafyrirmæli hafi verið lögð inn, að starfsfólk Landsbankans hafi farið út fyrir viðskiptafyrirmæli eða tekið ákvarðanir sem ekki hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um. Viðskiptavini er kunnugt um að upplýsingar um afgreiðslu viðskiptafyrirmæla kunna að verða óaðgengilegar tímabundið vegna álags á viðskiptakerfum. Landsbankinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar séu óaðgengilegar af þeim sökum.

Landsbankanum er heimilt að senda viðskiptavini skriflegar upplýsingar um einstök viðskiptafyrirmæli með bréfpósti, símbréfi, símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í gegnum Einkabankann, eða sérhverjum öðrum hætti er aðilar koma sér saman um.

Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að ákveðin áhætta felst í því að veita upplýsingar með símbréfi eða tölvupósti þar sem möguleiki er á að upplýsingar berist ekki réttum aðila eða að þriðji aðili fái upplýsingar um viðskiptafyrirmæli.

Viðskiptavinur ber alla ábyrgð og áhættu á því að viðskiptafyrirmæli berist Landsbankanum með fullnægjandi hætti en Landsbankinn áskilur sér rétt til að framkvæma ekki viðskiptafyrirmæli ef þau eru ófullnægjandi að mati Landsbankans.

5. Viðskiptafyrirmæli

Viðskiptafyrirmæli skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- i. nafn viðskiptavinar og nafn prókúruhafa ef við á,
- ii. upplýsingar um kaup eða sölu,
- iii. upplýsingar um fjármálagerninginn og magn hans,
- iv. upplýsingar um verð fjármálagerningsins,
- v. gildistíma viðskiptafyrirmælanna,
- vi. heimild viðskiptavinar til Landsbankans um að framkvæma víðskipti með þeim hætti sem Landsbankinn metur hagstæðast á hverjum tíma,
- vii. sérhverjar aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar að mati Landsbankans til að framkvæma víðskipti í samræmi við víðskiptafyrirmæli.

Viðskiptafyrirmæli skulu ávallt hafa gildistíma. Ef ekki er kveðið á um gildistíma víðskiptafyrirmæla skal litið svo á að gildistími þeirra sé allt þar til víðskiptadegi lýkur á þeim degi sem víðskiptafyrirmæli eru send. Séu víðskiptafyrirmæli send til Landsbankans á degi sem ekki er víðskiptadagur á markaði skal gildistími þeirra vera næsti víðskiptadagur þar á eftir á víðkomandi markaði.

6. Breyting eða afturköllun viðskiptafyrirmæla

Viðskiptavinur getur breytt eða afturkallað viðskiptafyrirmæli áður en þau teljast orðin bindandi eða áður en viðskipti verða framkvæmd með eftirfarandi takmörkunum. Afturköllun eða breyting á viðskiptafyrirmælum verður virk þegar Landsbankinn hefur móttakið slíka afturköllun eða breytingu og slík afturköllun eða breyting er skráð í viðskiptakerfi markaðar. Breytingar á magni eða verði þess fjármálagernings sem viðskiptafyrirmæli tilgreinir skal litið á sem afturköllun viðskiptafyrirmæla og um leið sem ný viðskiptafyrirmæli. Breytingar á viðskiptafyrirmælum getur haft áhrif á röð þeirra í viðskiptakerfum. Hafi Landsbankinn þegar hafið framkvæmd viðskipta skv. viðskiptafyrirmælum er einungis unnt að afturkalla þau eða breyta þeim ef viðskiptavinur greiðir Landsbankanum þóknun ásamt þeim útlagða kostnaði og gjöldum sem Landsbankinn hefur greitt og bæti Landsbankanum allan skaða sem kann að hljóta af slíkri afturköllun eða breytingu. Ekki er unnt að afturkalla viðskiptafyrirmæli eða breyta viðskiptafyrirmælum hafi viðskipti skv. þeim verið framkvæmd að fullu.

7. Framkvæmd viðskipta

Framkvæmd viðskipta skv. viðskiptafyrirmælum annarra en viðurkenndra gagnaðila skal vera í samræmi við stefnu Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem viðskiptavinur hefur kynnt sér og samþykkt.

Hafi ekki verið kveðið á um tiltekið verð í viðskiptum skal Landsbankanum heimilt að framkvæma viðskipti í samræmi við markaðsverð á hverjum tíma.

Landsbankanum er heimilt að framkvæma viðskipti í fleiri en einum hluta hafi ekki verið kveðið á um annað.

Viðskiptavini er kunnugt um að Landsbankinn eða tengdir aðilar geta verið gagnaðilar í viðskiptum með fjármálagerninga. Viðskiptavinur hefur bæði kynnt sér og samþykkt stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra.

Kveði viðskiptafyrirmæli á um sölu fjármálagernings er viðskiptavini skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist Landsbankanum áður en viðskipti verða framkvæmd kveði markaðsreglur á um það eða fari Landsbankinn fram á slíkt. Viðskiptavinur skal bæta Landsbankanum það tjón sem hlýst af tölum vegna afhendingar fjármálagerninga. Landsbankinn á rétt á að fá það staðfest að viðskiptavinur fari með vörslu fjármálagerninga eða að hann geti afhent þá innan tilgreindra tímamarka.

Landsbankanum skal heimilt að kanna hvort að viðskiptavinur hafi næga innstæðu á reikningi sínum til lúkningar viðskiptum eða að vörslureikningur hafi að geyma fjármálagerning sem skal þá tekinn til hliðar til lúkningar viðskiptum. Landsbankinn getur krafist trygginga fyrir framkvæmd viðskipta skv. skilmálum þessum. Séu viðskiptafyrirmæli um kaup send Landsbankanum getur Landsbankinn krafist þess að greiðsla vegna viðskipta sé greidd fyrirfram, annaðhvort að fullu eða hluta.

Landsbankinn mun ekki veita upplýsingar um nafn gagnaðila í viðskiptum viðskiptavinar nema skylt sé að lögum.

Landsbankinn mun framkvæma viðskipti með fjármálagerning á þeim markaði sem viðskipti með viðkomandi fjármálagerning fara fram á, nema um annað sé sérstaklega samið, eða þá að hagsmunir viðskiptavinar kveði á um það af sérstökum ástæðum. Viðskiptafyrirmæli skulu felld niður ef viðkomandi markaður dregur viðskiptafyrirmælin til baka úr viðskiptakerfi sínu, t.d. sökum þess að réttur til arðs eða áskriftarréttindi eru afturkölluð, hlutabréfum er skipt, hlutabréfaútgáfa á sér stað, hlutaflokkar eru sameinaðir eða að samruni eða skipting félagi á sér stað.

8. Tilkynning um viðskipti

Landsbankinn mun tilkynna viðskiptavini um framkvæmd viðskipta eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að viðskipti eru framkvæmd, nema um annað sé sérstaklega samið. Séu viðskipti framkvæmd af þriðja aðila mun Landsbankinn tilkynna viðskiptavini um framkvæmd viðskipta eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila, nema viðskiptavinur fái slíka tilkynningu beint frá þriðja aðila.

9. Afhending fjármálagerninga og tryggingar

Landsbankinn skal vera fullviss um að geta afhent viðskiptavini fjármálagerning á uppgjörsdegi viðskipta ef um kaup er að ræða í samræmi við markaðsreglur, nema um annað sé samið. Viðskiptavinur skal fá hluta fjármálagerninga afhenta ef það reynist mögulegt þrátt fyrir að full afhending allra fjármálagerninga geti ekki farið fram.

Geti viðskiptavinur ekki afhent Landsbankanum fjármálagerninga við sölu skal viðskiptavinur bæta Landsbankanum það tjón sem Landsbankinn kann að verða fyrir.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rétt aðilaskipti að verðbréfunum geti farið fram, verði þörf á atbeina viðskiptavinar. Neiti viðskiptavinar um slíka ráðstöfun er Landsbankanum heimilt að leita til sýslumanns/héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur sinnir ekki.

Um fjármálagerninga sem tryggingar fer eftir lögum og reglum uppgjörsaðila.

10. Greiðsla vegna viðskipta

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að eiga, á uppgjörsdegi, innstæðu á skuldfærslureikningi sínum hjá Landsbankanum sem nemur kaupverði fjármálagerninga, auk kostnaðar og hvers konar skatta. Fari uppgjör ekki fram á uppgjörsdegi vegna ófullnægjandi innstæðu á skuldfærslureikningi, heimilar viðskiptavinur Landsbankanum að selja umrædda fjármálagerninga í heild eða hluta á hverjum þeim markaði sem Landsbankinn ákveður, á nauðungaruppbóði, eða komið þeim í verð á hvern þann hátt sem Landsbankinn kys. Andvirðinu skal ráðstafað til skaðlausrar greiðslu á kaupverði umræddra fjármálagerninga, þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði eða öðrum kostnaði, hverju nafni sem nefnist.

Beiti Landsbankinn sölurétti sínum eignast Landsbankinn kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði þeirra að viðbættum kostnaði.

Landsbankinn ber á uppgjörsdegi ábyrgð á greiðslu söluverðs, að frádregnum hvers konar kostnaði, sköttum og þóknun til viðskiptavinar vegna sölu fjármálagernings. Standi viðskiptavinur í skuld við Landsbankann er Landsbankanum heimilt að beita skuldajöfnuði með því að draga útistandandi skuld frá söluverði vegna einstakra viðskipta. Standi hluti söluverðs eftir að loknum skuldajöfnuði skal viðskiptavinur fá greitt það sem eftir stendur.

11. Lokun viðskipta og viðskiptafyrirmæli ekki framkvæmd

Lokun eða afturköllun viðskipta getur átt sér stað í samræmi við markaðsreglur. Ef slíkt gerist vegna atvika sem rekja má til viðskiptavinar skal viðskiptavinur bæta Landsbankanum það tjón sem Landsbankinn verður fyrir af þeim sökum.

Landsbankanum skal heimilt að framkvæma ekki viðskiptafyrirmæli ef viðskiptavinur hefur ekki uppfyllt skyldur sínar, t.d. (i) við útfyllingu og skil viðskiptafyrirmæla, (ii) skv. hvers konar samningi um einstök viðskipti með fjármálagerninga, svo sem vörslusamningi eða eignastýringarsamningi, (iii) skv. skilmálum þessum, (iv) skv. markaðsreglum, eða (v) ef Landsbankinn hefur vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við ákvæði XII. eða XIII. kafla laga nr. 108/2007. Viðskiptavinur skal bæta Landsbankanum allt það tjón sem Landsbankinn kann að verða fyrir vegna þessa.

Starfsfólk Landsbankans getur neitað að fara eftir viðskiptafyrirmælum hafi það rökstuddan grun um að þau komi ekki frá viðskiptavini, vafi leiki á um efni hennar, viðskiptin séu sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri viðskipti eða séu óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum, eða það brjóti með einhverjum hætti gegn lögum eða reglum. Landsbankinn ber enga ábyrgð vegna tjóns sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þessa.

Landsbankanum skal heimilt að hverfa frá framkvæmd viðskipta eða afturkalla viðskipti ef viðskiptafyrirmæli um sölu af hálfu Landsbankans eru fjarlægð, þau verði ógild eða þá að viðkomandi fjármálagerningur er ekki lengur í vörslu Landsbankans eða viðskiptavinar.

12. Réttur til útvistar

Í samræmi við stefnu Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla er Landsbankanum heimilt að nota þjónustu íslenskra og erlendra fjármálafyrirtækja, uppgjörsaðila og sín eigin útibú og dóttur- og hlutdeildarfélag við framkvæmd viðskipta, enda sé viðskiptavinur jafnsettur sem viðskiptin væru við Landsbankann og Landsbankinn er jafnframt ábyrgur fyrir þjónustu og viðskiptum skv. skilmálum þessum skv. lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.

13. Skuldajöfnun (nettun) samninga

Hafi aðilar skilmála þessara útistandandi skuldir gagnvart hvorum öðrum vegna viðskipta innan viðskiptadags skal Landsbankanum heimilt að skuldajafna greiðslur milli aðila.

14. Afleiðu- og markaðsviðskipti

Framkvæmi viðskiptavinar afleiðu- og önnur markaðsviðskipti gilda um þau viðskipti, þar sem skilmálum þessum sleppir, „skilmálar Landsbankans um markaðsviðskipti“ ásamt samningum sem gerðir eru um einstök viðskipti. Sé misræmi milli skilmála þessara og „skilmála Landsbankans um markaðsviðskipti“ skulu „skilmálar Landsbankans um markaðsviðskipti“ gilda.

15. Varsla fjármálagerninga

Hafi viðskiptavinur fjármálagerninga sína í vörslu Landsbankans skal hann gera vörslusamning um þá þjónustu Landsbankans. Sé misræmi á milli skilmála þessara og skilmála vörslusamnings skulu skilmálar vörslusamnings gilda um þau atriði er varða vörsluna.

16. Eignastýringarsamningur

Hafi viðskiptavinur gert samning við Landsbankann um eignastýringu skulu skilmálar þessir gilda um þau atriði sem sá samningur fjallar ekki um. Sé misræmi á milli skilmála þessara og skilmála eignastýringarsamnings skulu skilmálar eignastýringarsamnings gilda um eignastýringuna.

17. Viðskipti með erlenda fjármálagerninga

Viðskipti með erlenda fjármálagerninga geta verið háð öðrum markaðsreglum en viðskipti með íslenska fjármálagerninga. Landsbankinn ber enga ábyrgð á þátttöku erlendra aðila í framkvæmd viðskipta með erlenda fjármálagerninga, að undanskildum skilyrðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

Landsbankinn metur í hvert sinn hvar hagstæðast er að nálgast erlendan gjaldeyri til að stunda viðskipti með erlenda fjármálagerninga. Viðskiptavinur ber allan kostnað og alla áhættu sem hlýst af gjaldeyrisviðskiptum í tengslum við viðskipti með erlenda fjármálagerninga.

Viðskiptavinur lýsir því yfir með sérhverjum viðskiptafyrirmælum er varða erlenda fjármálagerninga að allir erlendir fjármálagerningar sem hann (eða aðrir í hans umboði) kann að eiga viðskipti með fyrir milligöngu Landsbankans tilheyra honum persónulega og að hann teljist raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner) og að fjármálagerningana megi hvorki nú né síðar rekja beint eða óbeint til refisverðrar háttsemi.

18. Viðskiptafyrirmæli og önnur fyrirmæli frá til þess bærum aðilum

Viðskiptavinur skal senda inn viðskiptafyrirmæli um viðskipti sín og hver önnur fyrirmæli sem þeim kunna að tengjast. Landsbankanum er einnig heimilt að taka gild viðskiptafyrirmæli og önnur fyrirmæli frá aðilum sem eru til þess bærir í krafti stöðu sinnar eða Landsbankinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að aðilinn hafi rétt til að binda viðskiptavin.

19. Varúðarskylda viðskiptavinar

Viðskiptavinur ber einn ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að viðskipti geta verið mjög áhættusöm og að ávöxtun í fortíð gefur enga vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Viðskiptavinur ber að afla sér ráðgjafar sérfræðinga hafi hann takmarkaða þekkingu á viðskiptum með fjármálagerninga, s.s. um fjárfestingakosti, áhættu, skattamál og annað sem snertir fjárfestingar hans. Óski viðskiptavinur eftir álit Landsbankans er áréttað að slíkt álit er gefið án ábyrgðar og getur breyst fyrirvaralaust vegna breyttra forsendna viðskiptavinar eða markaðsaðstæðna. Hið sama gildir um allar upplýsingar sem birtast á vefsíðum á vegum Landsbankans.

20. Þóknun og skuldfærsluheimild

Um þóknunir og þjónustugjöld fer samkvæmt verðskrá Landsbankans eins og hún er hverju sinni. Verðskrá Landsbankans er aðgengileg á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is. Hafi viðskiptavinur heimilað Landsbankanum að skuldfæra þóknun og þjónustugjöld af reikningi sínum skal viðskiptavinur sjá til þess að ætíð sé næg innstæða á þeim reikningi.

21. Tilkynningar og leiðréttingar

Varðveiti Landsbankinn fjármálagerninga eða fjármuni viðskiptavinar skal senda viðskiptavini yfirlit a.m.k. einu sinni á ári um þá fjármálagerninga eða fjármuni sem í vörslu eru, nema slíkt yfirlit hafi komið fram í annarri reglubundinni upplýsingagjöf. Um frekari tilkynningar og tímafresti þar að lútandi fer eftir nánari ákvæðum skilmála og samninga um einstök viðskipti ásamt lögum og reglugerðum.

Landsbankanum er heimilt að senda tilkynningar til viðskiptavinar með bréfpósti, símbréfi, símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í gegnum Einkabankann, eða sérhverjum öðrum hætti er

aðilar koma sér saman um. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn hans kemur ekki tölvupósti til skila eða hindrar aðgang viðskiptavinar að Einkabanka Landsbankans, t.d. vegna bilana í tölvukerfi. Viðskiptavinur skal tilkynna Landsbankanum ef breyting verður á pósthfangi, símanúmeri, bréfsímanúmeri eða tölvupósthfangi. Landsbankanum er ávallt rétt að líta á heimilisfang samkvæmt þjóðskrá sem rétt pósthfang nema annað aðsetur hafi verið gefið upp skriflega. Biðji viðskiptavinur um breytingu á pósthfangi sem ekki er í samræmi við þjóðskrá er viðskiptavininn ljóst að pósthfangið verður skráð þar til beiðni um breytingu berst að nýju. Verði viðskiptavinur fyrir tjóni vegna þess að tilkynningar milli aðila þessa samnings misfarast, t.d. ef Landsbankinn fær ekki tölvupóst af einhverjum ástæðum, bréfasendingar komast ekki til skila, ef upp koma tæknilegir örðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla í símbrefi eða í síma, ber Landsbankinn enga ábyrgð á því tjóni.

Landsbankinn áskilur sér rétt til leiðréttinga í samræmi við raunverulega eign eða skuldir viðskiptavinar jafnt vegna viðskiptafærslna, vörslu, millifærslna eða annarra leiðréttinga sem tengjast viðskiptum hjá Landsbankanum.

Við andlát, gjaldþrot, skiptingu eða samruna viðskiptavinar skal senda Landsbankanum upplýsingar um ráðstöfun fjármálagerninga frá þar til bærum aðila. Hafi Landsbankinn ekki fengið upplýsingar frá þar til bærum aðila um ráðstöfun fjármálagerninga skulu áður gefnar upplýsingar teljast réttar og ber Landsbankinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Landsbankinn áskilur sér rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi fjármálagerninga eftir andlát, gjaldþrot, skiptingu eða samruna viðskiptavinar og ber Landsbankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af þessu.

22. Hljóðritun símtala

Viðskiptavininn er kunnugt um að símtöl milli hans og starfsfólks Landsbankans kunna að vera hljóðrituð. Viðskiptavinur samþykkir að hljóðritanir ásamt skriflegum og/eða rafrænum gögnum sem berast til Landsbankans skuli lögð til grundvallar ef ágreiningur rís um viðskipti með fjármálagerninga.

23. Trúnaðarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Allir starfsmenn Landsbankans og allir þeir sem kunna að taka að sér verkefni í þágu Landsbankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir Landsbankann og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptavinar, nema þegar skylt er að veita upplýsingar skv. lögum og reglum.

Samþykki fyrir skilmálum þessum jafngildir skriflegu samþykki viðskiptavinar, í samræmi við 60. gr. laga nr. 161/2002, fyrir því að Landsbankanum sé heimilt að miðla upplýsingum um viðskiptavin og viðskipti hans með fjármálagerninga innan samstæðu Landsbankans í viðskiptalegum tilgangi. Einnig er miðlun upplýsinga heimil vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Landsbankanum er óheimilt að miðla upplýsingum um viðskiptavin til utanaðkomandi aðila nema að fengnu skriflegu samþykki viðskiptavinar. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga samþykkið tekur, til hvaða aðila heimilt er að miðla upplýsingum á grundvelli samþykkisins og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

Landsbankinn fer með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið sem koma fram í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Landsbankanum er heimilt að flytja persónuupplýsingar til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

24. Uppsögn og önnur ákvæði

Samningar á grundvelli skilmála þessara eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila. Uppsögn viðskiptavinar tekur gildi fimm dögum eftir að Landsbankinn móttækur tilkynningu um uppsögn en Landsbankinn getur sagt samningi upp með tveggja vikna fyrirvara. Landsbankinn getur þó sagt upp án fyrirvara vegna verulegra vanefnda viðskiptavinar á grundvelli einstakra samninga eða skilmála þessara. Landsbankinn getur einnig sagt samningi upp án fyrirvara vegna endurskipulagningar viðskiptavinar, skiptingar, samruna, gjaldþrots eða yfirvofandi gjaldþrots, og andláts. Uppsögn samninga skal gerð skriflega. Ef samningi er sagt upp, ráðstafar Landsbankinn fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavinar í samræmi við óskir viðskiptavinar sem skulu settar fram skriflega gagnvart Landsbankanum.

25. Breytingar á skilmálum

Landsbankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða. Verði skilmálum þessum breytt skal tilkynna viðskiptavininn um slíkar breytingar annað hvort skriflega, með almennri auglýsingu eða með birtingu tilkynningar um breytta skilmála á áberandi hátt í skjámynd Einkabankans. Breyting á skilmálum tekur gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar, talið frá þeim mánuði sem tilkynning um breytingu berst viðskiptavininn. Viðskiptavinur er bundinn af breytingum sem gerðar eru á skilmálunum nema hann tilkynni Landsbankanum um uppsögn á skilmálunum með

sannanlegum hætti eigi síðar en fjórtán dögum eftir að breyttir skilmálar taka gildi. Uppsögn viðskiptavinar skv. þessari grein tekur gildi frá móttöku uppsagnar.

26. Ábyrgð

Um ábyrgð Landsbankans vegna viðskipta fer samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. Um ábyrgð Landsbankans sem reikningsstofnunar fer samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Landsbankinn ber ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar, beinu eða óbeinu í tengslum við viðskipti ef rekja má tjónið til utanaðkomandi atvika, t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.fl. Ennfremur ber Landsbankinn ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure). Landsbankinn telst ekki ábyrgur fyrir óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Landsbankans. Þar á meðal ber Landsbankinn ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að framkvæma fyrirmæli um viðskipti af ofangreindum orsökum.

Viðskiptavini er ljóst að Landsbankinn ber enga ábyrgð á endursölu fjármálagerninga eða verðþróun þeirra fjármálagerninga sem viðskiptamaður kaupir, hvort sem þeir hafi verið taldir álitlegur kostur við kaup þeirra eða ekki. Viðskiptavini er einnig ljóst að Landsbankinn getur ekki ábyrgst atriði er varða útgefanda/seljanda fjármálagerninga, hvorki er varðar greiðslugetu, rekstrarhæfi, skilvísi eða önnur atriði.

Landsbankinn ber ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptavinar eða annars aðila á notkunareglum og skilmálum Landsbankans. Á sama hátt undanskilur Landsbankinn sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum viðskiptavinar eða annars aðila.

Viðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Landsbankinn semur um við þriðja aðila, vegna viðskipta fyrir reikning viðskiptavinar á erlendum vettvangi (um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd, erlendar lagareglur o.s.frv.). Landsbankinn ábyrgist ekki réttar efndir slíkra samninga af hálfu gagnaðila. Skiptir engu máli í þessu sambandi hvort samningur hefur verið gerður í nafni Landsbankans eingöngu eða fyrir hönd viðskiptavinar. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér efni og skilmála slíkra samninga að því marki sem þeir snerta viðskipti hans.

27. Starfsheimildir, tryggingar og meðferð ágreiningsmála

Landsbankinn starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sækir starfsleyfi sitt til Fjármálaeftirlitsins. Komi til þess að Landsbankinn sé, að mati Fjármálaeftirlitsins, ekki fær um að inna af hendi greiðslu á innstæðu, verðbréfum eða reiðufé til viðskiptavinar eða bú Landsbankans er tekið til gjaldþrotaskipta hefur viðskiptavinur heimild, skv. lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, til að krefja Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta um andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild.

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við skilmála þessa, skulu þeir leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín á milli. Náist slíkt samkomulag ekki er þeim heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðskiptavinur getur jafnframt skotið ágreiningi sem upp kann að koma í tengslum við skilmála þessa til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. (Sjá upplýsingar um nefndina á www.fme.is.)